

Nr. 12.
16.
febr.

Auglýsing,

sem hefir inni

að halda nákvæmari ákvarðanir viðvíkjandi því, hvernig framfylgja skuli lögum um aðflutningsgjald á tóbaki, 11. febr. 1876.

Samkvæmt því valdi, sem stjórnarráðinu er til þess veitt með allrahestum úrskurði 11. þ. m., skulu hjer með settar eptirfylgjandi nákvæmari ákvarðanir viðvíkjandi því, hvernig framfylgja skuli lögum frá sama degi um aðflutningsgjald á tóbaki.

1. Lögreglustjóri skal heimta saman gjald það, sem ákveðið er í tjeðum lögum 1. og 2. gr.

Þegar reikna skal út gjaldið, skal til þess hafa bæði vöruskrá þá eða tollskrá, sem skip það, er tóbakið er flutt með, á að hafa meðferðis samkvæmt lögum 15 apríl 1854, 8. gr., og svo vottorð það uppá æru og samvizku, sem hver sá, er flytur inn tóbak frá útlöndum, er skyldur að gefa samkvæmt lögum 11. þ. m. 3. gr. um það, hvers konar vörur hann hafi fengið aðfluttar og hvað mikið. Skal sá, sem í hlut á, senda lögreglustjóra vottorð þetta jafnskjótt og hann hefir tekið við vörunum. Lögreglustjóri hefir þar að auki heimild til, hvenær sem vera skal að heimta af verzlunarmönnum þeim, sem eru búsettir í umdæmi hans, og öðrum, sem ætla má að fái aðflutt tóbak frá útlöndum, skýrslu um, hvort þeir hafi fengið tóbak aðflutt. og ef svo er, hvað mikið og hvers konar.

2. Lögreglustjórar skulu hafa nákvæmt eptirlit með því, hvort flutt sje inn meira tóbak, en tilgreint er á tollskránni eða vöruskránni, og skulu þeir sjer í lagi, þegar tjeð skjöl segja ógreinilega til um vörur þær, sem hjer ræðir um, eða þegar ástæða er til að efast um, að rjett sje frá skýrt, rannsaka málið eins og með þarf.

3. Dómstólarnir ákveða sektir þær, sem fyrir er mælt um í 4. gr. laganna, og sömu leiðis, hversu mikið af sektunum, skuli falla til sögumannsins; skal greiða hlutaðeiganda lögreglustjóra sektirnar, og skal hann gjöra reikning bæði fyrir þeim og tollgjöldum þeim, sem fyrir er mælt um í 1. og 2. gr. laganna, samkvæmt reglum þeim, sem ákveðnar eru í umburðarhjefi dómsmálastjórnarinnar 13. apríl 1872 um reikningsskil fyrir fje því, sem heimt er saman samkvæmt tilskipun um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 12. febr. 1872 (sbr. lög um breyting á tilskipun þessari, 11. þ. m.).

Þetta skal hjer með kunngjört til leiðbeiningar og eptirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráðinu fyrir Ísland, 16. dag febrúarm. 1876.

Nellemann.

F. Vestergaard.
asst.

Bekjendtgjørelse,

indeholdende

nærmere Bestemmelser angaaende Udførelsen af Lov om Indførselsafgift af Tobak af 11te Februar 1876.

Nr. 12.
16de
Febr.

I Henhold til den Ministeriet ved allerhøieste Resolution af 11te d. M. dertil givne Bemyndigelse fastsættes herved følgende nærmere Bestemmelser angaaende Udførelsen af Lov af samme Datum om Indførselsafgift af Tobak:

1. Den i nysnævnte Lovs §§ 1 og 2 foreskrevne Afgift opkræves af Politimesteren. Som Grundlag for Afgiftens Beregning benyttes dels den Varefortegnelse eller Toldseddel, hvormed det Skib, i hvilket Tobaken indføres, ifølge Lov af 15de April 1854 § 8 skal være forsynet, dels den Forsikring paa Tro og Love, som Enhver, der indfører Tobak fra Udlandet, ifølge Loven af 11te d. M. § 3 er pligtig at afgive angaaende de til ham indførte Varers Art og Størrelse. Denne Forsikring har Vedkommende at tilstille Politimesteren strax efter Modtagelsen af de paagjældende Varer. Politimesteren er derhos berettiget til til enhver Tid at affordre de i hans Distrikt boende Handlende og Andre, som kunne formodes at faa Tobak tilført fra Udlandet, en Erklæring om, hvorvidt og i bekræftende Fald hvormegen og hvilken Slags Tobak de maatte have faaet tilført.

2. Politimestrene skulle have nøie Tilsyn med, om der indføres mere Tobak end der er anført paa Toldsedlen eller Varefortegnelsen, og have de navnlig, naar de nævnte Dokumenter ere utydelige med Hensyn til Angivelsen af de omspurgte Varer, eller der er Anledning til at betvivle Angivelsens Rigtighed, at anstille de i saa Henseende fornødne Undersøgelser.

3. De i Lovens § 4 ommeldte Bøder — der ikjendes af Domstolene, som ligeledes have at bestemme Angiverens Andel af Bøden — indbetales til vedkommende Politimester, der vil have at aflægge Regnskab for dem saavel som for de ved Lovens §§ 1 og 2 fastsatte Toldafgifter i Overensstemmelse med de Regler, som i Justitsministeriets Cirkulære af 13de April 1872 ere foreskrevne med Hensyn til Aflæggelsen af Regnskabet for de ifølge Forordning om Afgift af Brændevin og andre spirituose Drikkevarer af 26de Februar 1872 (jfr. Lov om Forandring i bemeldte Forordning af 11te d. M.) oppebaarne Beløb.

Hvilket herved bekjendtgjøres til Efterretning og Sagttagelse for alle Vedkommende.

Ministeriet for Island, den 16de Februar 1876.

Nellemann.

F. Vestergaard.
Asst.